

Fimmtudaginn 21. september 1995.

Nr. 140/1995.

Ákærvaldið

(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)

gegn

Ástþóri Bjarna Sigurðssyni og

Margréti Bryndísi Haraldsdóttur

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

Fjárdráttur. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. mars 1995 í samræmi við yfirlýsingu ákærðu um áfrýjun til endurskoðunar á sönnunarmati í hinum áfrýjaða dómi, sbr. c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, svo sem ákvæðinu var breytt með 7. gr. laga nr. 37/1994. Er einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar á sakfellingu beggja ákærðu og þyngingar refsingu þeirra.

Ákærðu krefjast sýknu.

Í málinu er ákærðu gefið að sök að hafa á tímabilinu 18. mars 1992 til 8. nóvember 1993, þegar þau höfðu sem leigutakar umráð yfir húsi í eigu Íslandsbanka hf. að Garðabraut 58 í Gerðahreppi, tekið eða látið taka þaðan innréttingar og raftæki, sem hafi verið fylgifé eignarinnar og nánar er greint frá í hinum áfrýjaða dómi. Er þetta af hálfu ákærvalds talið varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Fallast ber á, að ákærðu hafi á fyrrgreindum tíma haft slík umráð yfir fasteigninni að Garðabraut 58, að telja meg umrædda muni, sem annar var eigandi að, hafa verið í vörslum þeirra, þegar þeir voru numdir þaðan brott. Eru atvik að þessu leyti með þeim hætti, sem áskilið er í 1. mgr. 247. gr. laga nr. 19/1940.

Af hálfu ákærvalds hafa engin gögn verið færð fram fyrir því, að ákærða, Margrét Bryndís, hafi átt hlut að brottnámi umræddra muna. Ekkert hefur heldur komið fram því til styrktar, að ákærða

hafi sýnt af sér háttsemi, sem gæti á annan hátt falið í sér, að hún hafi ein eða með öðrum eignað sér munina. Skortir að þessu leyti sönnun fyrir því, að ákærða hafi gerst sek um brot gegn 1. mgr. 247. gr. laga nr. 19/1940. Verður hún því sýknuð af kröfum ákærvaldsins.

Til stuðnings því, að ákærði, Ástþór Bjarni, hafi tekið umrædda muni úr húsinu að Garðabraut 58, hefur af hálfu ákærvalds verið vísað til framburðar tveggja vitna, sem kváðust hafa séð ákærða fjarlægja hluti úr húsinu með aðstoð nafngreinds manns, eftir að ákærði var fluttur þaðan, og séð síðan hlutina í sendibifreið samferðamanns hans. Einnig er vísað til framburðar vitnis, sem kvaðst nokkru síðar hafa séð í umráðum ákærða rafmagnstæki sömu gerðar og hurfu úr húsinu og einnig hlýtt á frásögn ákærða um, hvernig hann hafi tekið tækin þaðan. Fyrir dómi var framburður fyrirnefndu vitnanna ekki ákveðinn um, að hlutirnir, sem þau töldu sig hafa séð ákærða flytja, væru þeirrar gerðar, sem getið er í ákæru. Með framburði þeirra hefur ekki heldur verið hnekkð þeirri frásögn ákærða, að hann hafi í umrætt sinn verið að flytja gamla afganga af hilluefni úr bílskúr, en sú frásögn er studd af vætti áðurnefnds samferðamanns hans í þeirri för. Þá hefur ákærði eindregið neitað því, sem síðarnefnda vitnið hefur borið á hann.

Af hálfu ákærvalds hefur verið bent á, að telja megi ólíklegt, að aðrir en ákærði og heimilisfólk hans hafi átt slíkan aðgang að húsinu að Garðabraut 58, að þeim hefði verið kleift að fjarlægja þaðan muni, án þess að eftir yrðu ummerki um húsbrot. Þetta ásamt framferði ákærða gagnvart eiganda hússins gefur tilefni til að fella á hann rökstuddan grun um þá háttsemi, sem um ræðir í málinu. Allt að einu eru þessi atvik ásamt framangreindum framburði vitna ekki alveg nægileg til að fallast á, að ákærvaldið hafi fullnægt sönnunarbýrði sinni samkvæmt 45. gr. laga nr. 19/1991 um sekt ákærða af því broti, sem honum er gefið að sök. Verður hann því einnig sýknaður af kröfum ákærvaldsins.

Eftir þessum úrslitum málsins verður allur sakarkostnaður felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Ástþór Bjarni Sigurðsson og Margrét Bryndís Haraldsdóttir, eru sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæstarétti, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, samtals 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 10. febrúar 1995.

Árið 1995, föstudaginn 10. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-519/1994: Ákæruvaldið gegn Ástþóri Bjarna Sigurðssyni og Margréti Bryndísi Haraldsdóttur, sem dómtekið var 16. janúar sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Málið er með ákæru, dagsettri 6. desember sl., höfðað gegn Ástþóri Bjarna Sigurðssyni, Suðurgötu 48, Keflavík, kt. 200656-2969, og Margréti Bryndísi Haraldsdóttur, sama stað, kt. 060457-4849, til refsingar fyrir fjárdrátt samkv. 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærðu er gefið að sök að hafa sem leigutökum íbúðarhússins Garðabraut 58, Garði, frá 18. mars 1992 til 8. nóvember 1993, eftir að þau fluttust úr húsinu í júlímánuði 1993 og fyrir lok leigutímans, tekið eða látið taka sér sjálfum til ávinnings, en leigusala, Keflavíkurútíbúi Íslandsbanka hf., til tjóns, eftirgreindar innréttingar og raftæki, sem voru fast fylgifé hins leigða, samtals að matsverði 491.400 kr.:

1. Fataskáp af stærðinni 100×50×250 cm úr forstofu.
2. Fataskáp 125×60×250 cm að stærð úr herbergi í norðausturhorni hússins.
3. Fata- og tauskáp af stærðinni 230×60×240 cm úr hjónaherbergi.
4. Tvo fataskápa, annan 104×60×245 cm og hinn 124×60×250 cm, úr herbergjum í suðvesturhorni hússins.
5. Skáp 80×50×210 cm að stærð, borðplötu og rörbera úr þvottahúsi.
6. Bökunarofn, eldavél (helluborð) og gufugleypfi af Siemens-gerð úr eldhúsi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar.

Íslandsbanki hf., Keflavíkurútíbú, kennitala 421289-4259, Hafnargötu 60, Keflavík, krefst þess, að ákærðu verði in solidum dæmd til að greiða skaðabætur, að fjárhæð 491.400 kr., auk dráttarvaxta frá 9. 12. 1993 til greiðsludags og innheimtubóknunar, 51.745 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur.

Af hálfu ákærðu er krafist sýknu af kröfum ákæruvalds og að hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns verði greidd úr ríkissjóði auk virðisaukaskatts.

I. Málavextir.

Við nauðungarsölu fasteignarinnar nr. 58 við Garðabraut, Garði, varð Íslandsbanki hf., Keflavíkurútibú, Hafnargötu 60, Keflavík, eigandi að fasteigninni. Nauðungarsöfunni hafði lokið 18. mars 1992, og hafði við meðferð uppboðsmálsins verið lagður fram leigusamningur um fasteignina milli gerðarþola, ákærða Ástþórs, og Á. B. S. hlutafélags. Leigusamningurinn var gerður 1. janúar 1992 og undirritaður af ákærða, Ástþóri, sem leigusala, en af meðákærðu, Margréti Haraldsdóttur, f. h. Á. B. S. hf., en hún er eiginkona ákærða, Ástþórs. Leigutíminn var frá 1. janúar 1992 til 1. janúar 1997 og leigugjald 25.000 kr. á mánuði.

Leigusamning þennan töldu forsvarsmenn Íslandsbanka hf. gerðan til málamynda, og væri bankinn óbundinn af honum.

Samkomulag hafði samt orðið um, að Ástþór fengi um nokkurn tíma áfram að dveljast ásamt fjölskyldu sinni í fasteigninni gegn greiðslu leigugjalds til Íslandsbanka hf. Ákærði hafi svo ekki skilað eigninni á síðar tilskildum tíma, og dróst það allt til 8. nóvember 1993, að hann skilaði bankanum lyklum að húsinu á fasteigninni. Strax daginn eftir hafi starfsmaður bankans, Tómas Ibsen, ásamt fulltrúa frá Fasteignaþjónustu Suðurnesja hf. farið að skoða eignina. Hafi þá komið í ljós, að búið var að fjarlægja ýmsa muni úr fasteigninni, sem voru í henni við nauðungarsölu hennar og mátti telja hefðbundið fylgifé fasteignar. Var lögregla þegar kölluð á staðinn til að kanna verksummerki, sbr. lögregluskýrslu, dags. 9. nóv. 1993, um vettvangskonun, og voru þá og af lögreglu teknar ljósmyndir, sem sýna eldhússinnréttingar án eldunartækja og hvar skápar höfðu verið fjarlægðir úr skála hússins, fjórum herbergjum og þvottahúsi, og eru þær lagðar fram í málinu.

Ákærðu hafa hjá lögreglu og hér fyrir dómi neitað að hafa átt þátt í því að fjarlægja úr húsinu þessa muni, sem nánar eru taldir upp í ákæru. Fram kom, að meginhluta búslóðar sinnar höfðu þau flutt úr húsinu 16. júlí 1993, og hafði ákærða, Margrét, annast það með hjálp Einars Bjarnasonar, Einholti 4, Garði, sem notaði við flutningana hvíta sendiferðabifreið, sem hann átti, af gerðinni Toyota-Hi-Ace, nú með númer HB-453, samkvæmt frásögn hans. Ákærði, Ástþór, hafi á þessum tíma verið í Ólafsvík. Ákærða hafi svo nokkru síðar, í lok júlí, þrifið húsið og jafnframt tekið smærri hluti í bílskúr, en þá höfðu verið eftir í bílskúrnum ýmsir stærri hlutir og ýmislegt dót eða

drasl inni í húsinu, sem hún hafði sett þar út í horn í einu herberginu, og eftir miðjan ágúst kvaðst hún ekki hafa komið í húsið, en þá hafi verið í því allt það fylgifé, sem tilgreint er í ákæru. Þá var ákærði heima, og kvaðst hann þá hafa flutt talsvert af svörtum ruslapokum með drasli í, spónaplötur, gamalt hilluefni og margvíslegt annað dót, og kvað hann Einar Bjarnason hafa ekið fyrir sig tvær ferðir frá húsinu, og taldi hann ekki ólíklegt, að hann hefði tekið bensín á bíl Einars umrætt sinn. Fram kom hjá ákærða, að þau töldu sér vera heimilt að vera í húsinu eftir uppboðið á grundvelli leigusamningsins, þrátt fyrir það að Íslandsbanki hf. hefði mótmælt honum, og tengdu lyklaafhendinguna 8. nóvember 1993 öðrum viðskiptum við bankann, og taldi ákærða, Margrét, viðskipti þeirra ekki hafa verið þannig í þessu máli, að hún teldi sig þurfa að gæta hagsmuna bankans vegna hússins. Ekki gátu þau skýrt, hvernig framangreint fylgifé fasteignarinnar hafði verið fjarlægð úr húsinu, en þau hefðu bæði fengið vitneskju um, að rúða hafði verið brotin í hurð á þvottahúsi, án þess að þeim hefði þótt ástæða til að athuga það frekar eða laga skemmdir, og töldu þau, að á þessum tíma hefði hver, sem var, getað komist inn í húsið fyrirhafnarlítið. Ekki hefðu þau tilkynnt bankanum um, að þau hefðu rýmt húsið, fyrr en lyklinum var skilað. Þau hefðu ekki greitt leigugjald fyrir húsið þann tíma, sem þau voru í því eftir nauðungarsöluna, en einhverjar umræður hefðu orðið við bankann um, að faðir ákærðu, Margrétar, keypti húsið. Fram kom, að ekki höfðu aðrir lykla að húsinu en þau og að Á. B. S. hf. hafði orðið gjaldþrota, eftir að bankanum voru afhentir lyklarnir að því.

Vitnið Einar Bjarnason vélvirki, Einholti 4, Garði, kt. 110743-3089, staðfesti, að það hefði aðstoðað ákærðu tvívegis við að flytja búslóð þeirra úr húsinu að Garðabraut 58, Garði, eins og þau halda fram, en þvertók fyrir að hafa aðstoðað hana við að flytja úr því skápa og eldhússtæki. Vitnið kvað óhugsandi, að bifreið þess hefði verið lánuð ákærða, Ástþóri, vegna flutninga, enda hefði hann verið próflaus. Það kvað bifreiðina hafa verið á R-númerum fram að áramótum 1993–1994.

Vitnið Tómas Ibsen Halldórsson rekstrarstjóri, Mávabrut 10 B, Keflavík, kt. 271153-2369, starfsmaður Íslandsbanka hf., Keflavíkurútibúi, kvað hafa verið gert um það munnlegt samkomulag við ákærðu, eftir að húseign þeirra, Garðabraut 58, Garði, hefði verið slegin bankanum á nauðungaruppboði, að þau fengju að vera í húsinu einhvern tíma, meðan þau væru að leita sér að öðru húsnæði, og væri bankinn alltaf reiðubúinn til slíkra samninga við fólk við samsvarandi aðstæður. Vitnið mundi ekki, hvort talað hefði verið um ákveðinn tíma, en leigan hefði ekki verið greidd. Fram kom, að húseignin hefði verið í sölumedeferð á meðan og tilboð komið í hana frá

föður ákærðu, Margrétar, en ekki þótt nægjanlega gott til að vera samþykkt af bankanum, en ákærðu fengið að vera lengur í húsinu en til stóð, meðan tilboðið var í athugun, enda var þá hugsanlegt, að þau fengju umráð yfir eigninni aftur. Vitnið kvað það hafa verið mat lögfræðinga bankans, að það væri ekki bundið af leigusamningi milli ákærðu, og hafi þau verið látin vita það. Það sagði, að nokkru áður en ákærðu hefðu skilað af sér húseigninn til bankans, hefði það fengið að vita frá Fasteignasölu Suðurnesja, að verið væri að fjarlægja ýmislegt fylgifé fasteignarinnar úr henni, og hefði nágranni ákærða látið vita. Engin viðbrögð hefðu þá verið við þessu af hálfu bankans og ákærðu ekki verið látin vita, en vitnið samt haft samband öðru hverju við ákærðu til að ganga eftir því, hvenær þau flyttu. Það kvað ákærðu, Margrétu, hafa skilað lyklunum að fasteigninni 8. nóv. 1993, og hefði þá ekkert verið rætt við hana um, að eitthvað af föstu fylgifé fasteignarinnar hefði verið flutt úr henni, en það komið í ljós, er það skoðaði hana daginn eftir.

Vitnið Hinrik Sigurðsson, Faxabraut 76, Keflavík, kt. 051143-3619, hafði verið við störf á bensinstöðinni við Heiðartún 1, Garði, einhvern tíma haustið 1993, er það veitti því athygli, að verið var að flytja ýmsa muni úr húsinu nr. 58 við Garðabraut, sem er rétt fyrir neðan bensinstöðina, og hefði það komið því á óvart, þar sem það vissi, að ákærði var fluttur úr húsinu. Það hefði farið að fylgjast með þessu betur og séð, að þarna var komin hvít sendibífið af Toyota-gerð, og virtist því, að verið væri að flytja sundurtekna skápa úr húsinu. Það kvað bifreiðinni svo hafa verið ekið á bensinstöðina og það þekkt bílinn sem bifreið vitnisins Einarssonar, en mundi ekki, hver ók honum, en ákærði hafi verið annar þeirra, sem í bifreiðinni voru. Það hefði litið inn um afturglugga bifreiðarinnar, er það dældi bensíni á bifreiðina, og talið þar vera skápacíningar og skáphurðir, en er það var spurt nánar um þetta, kvað það þetta hafa verið hvítar einingar, sem hefðu getað verið hillur eða eitthvað álíka, en það ekki séð höldur eða lamir á þeim. Það hefði ekki séð rafmagnstæki í bifreiðinni.

Vitnið Signý Ósk Marínósdóttir, Heiðarholti 38, Keflavík, kt. 230969-5669, hefði verið við afgreiðslu á bensinstöðinni á sama tíma og vitnið Hinrik hefði fylgst með því, er fluttar voru einhverjar hvítar plötur frá húsi ákærða í hvítan sendibíl, sem svo hefði verið ekið að bensinstöðinni og vitnið Einar Bjarnason ekið henni, en ákærði verið með honum.

Vitnið Jörundur Kristjánsson kaupmaður, Garðabraut 88, Garði, kvaðst hafa keypt eignir Pro hf., sem rekið hefði myndbandaleigur undir nafninu Frístund á tveimur stöðum í Keflavík, þ. e. að Hringbraut 96 og Hólmgarði 2, og ákærði m. a. verið eigandi þessa fyrirtækis. Það kvaðst skömmu fyrir

kaupin hafa farið með ákærða að skoða tvær geymslur, sem fylgdu húsnæðinu að Hólmgarði 2, sem það hefði tekið við leigu á. Í annarri geymslunni kvaðst það hafa rekið augun í bakarofn og helluborð og tækin verið hvít og af gerðinni Siemens. Vitnið kvað þetta hafa verið í byrjun desember, en áður hefði það heyrt, að ákærði hefði fjarlægt skápa og eldunartæki úr húsi, sem hann hefði misst til Íslandsbanka hf. Það kvaðst hafa fært þetta í tal við ákærða og hann þá lýst því fjálglega yfir og mjög hreykinn, hvernig honum hefði tekist að fjarlægja skápa og eldhússtæki úr húsinu nr. 58 við Garðabraut. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt þennan orðróm frá lögmanni Íslandsbanka, sem væri vinur sinn, heldur frá fólki, sem hefði verið að skoða húsið vegna hugsanlegra kaupa. Það kvaðst vera ósátt við ákærða og hann við það vegna kaupa þess á fyrirtæki hans. Það kvað geymslur hafa verið læstar, en auðvelt að opna þær og margir haft lykla að útidyrum að kjallaranum, þar sem geymslurnar voru, en þarna hefðu verið geymslur fleiri verslana, sem voru í húsinu. Það kvað ekki hafa verið í geymslunni skápa eða skáplötur, og er lögreglan hefði komið síðar að skoða geymsluna, hefðu tækin verið farin.

Niðurstöður.

Leigusamningur ákærða, Ástþórs, við Á. B. S. er gerður skömmu fyrir nauðungarsöluna á Garðabraut 58, Garði, og því ljóst, að hann hefur orðið að víkja fyrir réttindum þeim, sem Íslandsbanki hf. og fleiri höfðu áður eignast yfir eigninni og voru grundvöllur nauðungaruppbóðsins. Réttur ákærðu til að vera áfram í húsinu er því samkvæmt munnlegu samkomulagi þeirra við Íslandsbanka hf., Kefavíkurútíbúi, sem vitnað er í hér að framan og miðast við, að þau hefðu leiguafnot af húsinu til bráðabirgða og færu úr því, er þau hefðu útvegað sér annað húsnæði. Í reynd fóru þau úr húsinu 16. júlí 1993, en tilkynntu bankanum það ekki og skiluðu því ekki af sér, fyrr en þau skiluðu af sér lyklunum til bankans 8. nóvember 1993 og tengdu það öðru uppgjöri þeirra við bankann. Líta verður svo á, að ákærðu hafi borið ábyrgð á húsnæðinu allt til þess, að þau skiluðu af sér lyklunum, og bar þeim að skila því í sama ástandi og það var, er nauðungarsalan á því fór fram.

Vætti vitna og önnur rannsóknargögn málsins hníga fremur að því, að ákærðu eigi sök á því, að fylgífé fasteignarinnar, sem greint er í ákæru, var fjarlægt úr húsinu. Þau höfðu ein lykla að húsinu, og er nær óhugsandi, að öðrum sé til að dreifa, sem hefðu getað fjarlægt þessa muni nema með aðstöð þeirra, og ekkert liggur fyrir um, að brotist hafi verið inn í húsið til að taka þessa hluti. Frammi liggur í málinu lögregluskýrsla um, að brotin hafi

verið rúða í útihurð á bakhlið hússins aðfaranótt laugardagsins 6. nóvember 1993. Lögreglan hefði farið á staðinn, og komið hefði í ljós, að tveir ölvaðir unglingar höfðu farið þarna inn og brotið rúðuna með því að kasta í hana grjóthnullungi, sem lá þar inni á gólfinu, og höfðu þeir ætlað að gista í húsinu, en annar þeirra var sonur ákærðu. Í fyrstu héldu þeir því fram, að rúðan hefði verið brotin fyrir og því ekki þurft að brjóta hana til að komast inn. Grjóthnullungurinn var hins vegar blautur, en hlýtt og þurrt inni, og því augljóst, að rúðan var brotin með honum skömmu áður. Viðurkenndi sonur ákærðu, Jón Ragnar, síðar hjá lögreglu að hafa kastað hnullungnum til að komast inn, en eftir það var unnt að opna dyrnar innan frá.

Samkvæmt þessu er ljóst, að á þessum tíma varð ekki komist inn í húsið nema með því að brjóta sér leið inn, en lögreglan mun að venju hafa séð um, að neglt væri spjald fyrir gluggagatið í hurðinni.

Ákærðu hafa gefið í skyn, að áður hafi verið brotin rúða í sömu hurð, eftir að þau fluttust úr húsinu, og því hafi hver, sem er, getað farið um húsið. Þetta er þó engan veginn staðfest með gögnum. Þrátt fyrir það að þau höfðu vitneskju eða grun um þetta, þótti þeim engin ástæða til að kanna þetta, og kom fram hjá ákærðu, Margréti, að hún taldi bankann engan veginn eiga það inni hjá þeim, að þau ómökuðu sig með þeim hætti út af húsnaðinu. Afstaða þessi verður að teljast nokkuð einkennileg, þegar virt er, að ákærðu höfðu áður verið í húsinu í um hálft annað ár án þess að greiða leigugjöld og ekki skilað því formlega af sér. Augljóst er því, að þau hafa talið sig eiga harma að hefna við bankann.

Framburður ákærðu, að einhver annar hafi aðgang að húsinu, fær því enga stöð í gögnum málsins, er ósennilegur og metinn sem markleysa.

Þegar öll gögn málsins eru virt í samhengi og tekið mið af því, að ákærðu hafa ekki getað gefið neina skýringu á hvarfi munanna, þó að þau hafi lykjavöldin að húsinu, og jafnframt er litið til neikvæðrar afstöðu þeirra til kæranda, þykja vera komnar það sterkar líkur í málinu, að með vætti vitnanna leiði það til löglullrar sönnunar um sök ákærðu, og eru þau talin bera ábyrgð á, að framangreindir munir voru fjarlægðir úr húsinu án heimildar, og verður það talið gert í hagnýtingarskyni.

Ákærðu hafa með verknaði þessum gerst brotleg við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða, Margrét, hefur ekki áður gerst brotleg við refsilög, en samkv. fram lögðu sakavottorði hafa verið gerðar við ákærða, Ástþór, á tímabilinu frá 31. 12. 1979 til 1. 12. 1994 fjórar sáttir, þar sem honum er gert að greiða sektir fyrir tollagabrot, tilraun til þjófnaðar, ölvunarakstur og sviptingarakstur. Ákærði hefur hlotið tvo dóma í Héraðsdómi Reykjaness, þ. e. 30.

júní 1993 90.000 króna sekt og fangelsi í 45 daga skilorðsbundið í tvö ár fyrir brot gegn 1. mgr. 247. gr. alm. hegningarlaga, en dómur þessi var staðfestur í Hæstarétti 14. okt. 1993, og 16. mars 1994 var hann dæmdur til að greiða 70.000 kr. í sekt f. brot á 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga, og sviptur öku-leyfi í eitt ár.

Með verknaði þeim, sem hér er fjallað um, hefur ákærði, Ástþór, rofið skilorð samkv. dóminum frá 30. júní 1993, og ber því samkv. 60. gr. alm. hegningarlaga að dæma nú bæði málin í einu lagi.

Refsing ákærðu þykir með hliðsjón af 57. gr. a, sbr. lög nr. 101/1976, og 77. gr., hvað ákærða, Ástþór, varðar, hæfilega ákveðin þannig, að ákærði, Ástþór, sæti fangelsi í fimm mánuði, en ákærða, Margrét, sæti fangelsi í tvo mánuði, en eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu á þremur mánuðum af refsingu ákærða, Ástþórs, og á allri refsingu ákærðu, Margrétar, og falli þessi refsing niður hjá hvoru um sig að liðnum þremur árum, haldi þau almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærðu hafa mótmælt fram lagðri bótakröfu, með því að hún sé ekki studd reikningum né mati dómkvadds matsmanns.

Fallast má á, að ákærðu beri að greiða kæranda bætur fyrir það tjón, sem þau hafa valdið honum, en taka verður undir það, að gegn mótmælum ákærðu verður ekki lagður dómur á kröfuna, nema frekari gögn komi fram henni til styrktar, og er henni því vísað frá dómi vegna vanreifunar.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin sak-sóknarlaun, sem ákveðast 50.000 kr., og laun skipaðs verjanda, Ólafs Sigur-geirssonar hdl., sem ákveðast og 50.000 kr., auk virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ástþór Bjarni Sigurðsson, sæti fangelsi í fimm mánuði, en fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærða, Margrét Bryndís Haraldsdóttir, sæti fangelsi í tvo mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að liðnum þremur árum, haldi hún almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Skaðabótakröfu Íslandsbanka hf., Keflavíkurútibúi, er vísað frá dómi.

Ákærðu greiði óskipt saman allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Ólafs Sigurgeirssonar hdl., 50.000 krónur, auk virðisaukaskatts.
